

Markús Neyðarstigi Gerð MEL2

Markús Neyðarstiginn gerð MEL2 er tveggja möskva breiður netstigi ætlaður í bæði tómstundabáta og vinnubáta af öllum gerðum til að tryggja manni sem fellur fyrir borð og björgunarmanni sem þarf að fara öðrum til hjálpar í sjó, leið aftur um borð. Þegar menn sigla einir er mikilvægt að stiginn liggja utan á síðu bátsins, miðskips og þannig að handfangið sé ekki hærra en 70 sm frá sjónum þannig að maður í sjó geti gripið í það og kippt stiganum niður.

Markús Neyðarstiginn er einnig mikilvægur þegar maður í sjó fær sjokk og missir eiginleikann að hugsa rökrétt. Þá getur verið varasamt að nálgast hann í sjó. Besta ráðið í slíkum tilvikum er að kasta línu til mannsins, losa stiganum í sjó og draga manninn að stiganum og láta hann klífra af sjálfsdáðum um borð.

Helstu kostir stigans eru:

- Neyðarstiginn er fyrirferðalífill og hann má hengja á handrið, handriðsvír (e. Stanchion wire) og í þar til gerða ferkantaða linka, sem límdir eru í slöngubáta en skrúfaðir í festur úr trefjaplasi eða áli.
- Pakka má Neyðarstiganum þannig að hægt sé að ná í handfang hans frá sjó.
- Auðvelt er að losa Neyðarstiganum hvort sem er frá dekki eða frá sjó.
- Neyðarstiginn á að vera það langur að hann nái 1 metra ofan í sjó þegar hann hefur verið losaður niður þannig að maður í sjó geti beitt fótum til að komast um borð.

Lýsing:

Markús Neyðarstiginn gerð MEL2 er fánlegur í nokkrum stöðluðum lengdum. Lengd stigans á að vera samtals fjarlægðin frá festistað að sjólinu + 1 metri. Staðlaðar stærðir sem yfirleitt eru til á lager eru:



- MEL2-170 (fyrir báta með allt að 70 sm frá festistað að sjólinu).
- MEL2-220 (fyrir báta með allt að 120 sm frá festistað að sjólinu).
- MEL2-270 (fyrir báta með allt að 170 sm frá festistað að sjólinu).
- MEL2-320 (fyrir báta með allt að 220 sm frá festistað að sjólinu).

- Slitþol: 500 kg
- Festing: 3 sylgjulykkjur með sylgjum úr ryðfríu stáli.
- Breidd: 40 sm
- Lengd: Breytileg eftir gerð, 170, 220, 270 og 320 sm
- Efni: Poyester borði með blýlóði í handfangi og plaststöngum í þrepum.
- Álstöng efst í stiganum dreifir álaginu á festilykkjurnar.
- Hulstur úr PVC / Nylon dúk 500 gr/prm.
- Þyngd: Breytileg eftir gerð; 800 gr, 900 gr, 1000 gr, 1100 gr.

Staðsetning: Miðskips á báðum síðum, þannig að hann fari ekki í skrúfuna, þegar hann hefur verið losaður í sjó.

Aukahlutir:

- 7 300 002 Festiplattar með ferköntuðum link á slöngubáta
- 7 300 003 Ferkantaður festilinkur til að festa í trefjaplasi og áli
- 7 300 005 POM Fjarlægðarkubbur



Hönnunarréttur: Pétur Th. Pétursson



Maður fyrir borð öryggi og björgun er okkar viðfangsefni

